

Siglingastofnun Íslands
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2002030050
7502; 9310

Reykjavík, 15. ágúst 2002
/ÞFP

Efni: Sjóvörn innan við Kaupfélagsbryggju, Vopnafirði. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 21. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt sjóvörn inna við Kaupfélagsbryggju, Vopnafirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vopnafjarðarhrepps og Náttúruverndar ríkisins. Umsögn barst frá Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. apríl 2002 og frá Vopnafjarðarhreppi með bréfi dags. 6. ágúst 2002. Svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 14. ágúst 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Samkvæmt gögnum frá framkvæmdaraðila er um að ræða sjóvörn innan við Kaupfélagsbryggju, Vopnafjarðarhreppi. Gert er ráð fyrir að lengd sjóvarnar verði um 140 m og áætluð efnisþörf um 5.500 m³. Fram kemur að opin grjótnáma sé í Vestari-Hraungarði á Kolbeinstanga í um 4 km fjarlægð frá höfninni. Þessi náma hafi verið notuð við hafnargerð og sjóvarnir undanfarin ár.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Vopnafjarðarhrepps kemur fram að sá hluti sjóvarna sem hér er óskað álits á (merkt C) sé einungis lokaáfangi í gerð sjóvarna sem unnið hafi verið að í smááföngum um langt skeið. Grjót í vörnina verði tekið í viðurkenndri grjótnámu, sem er í í Vestara-Hraungarði á Kolbeinstanga og einnig af lager sem til staðar er á hafnarsvæði Vopnafjarðar. Rask við framkvæmdina verði því allt í lágmarki og framkvæmdin muni í raun fegra umhverfi og gera svæðið öruggara til þeirrar starfsemi sem á svæðinu er og verður. Af framangreindum ástæðum telur Vopnafjarðarhreppur því að framkvæmdin skuli ekki háð mati skv. 2. og 3.

viðauka 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að um sé að ræða nýja sjóvörn en Siglingastofnun hafi látið gera rannsókn á svæðinu í tengslum við hafnargerð. Niðurstaða rannsókna á botndýralífinu sé sú að botndýralíf við Vopnafjarðarhöfn sé svipað og annars staðar á grunnsvæðum og ekki þröf á að vernda það sérstaklega. Náttúruvernd ríkisins telur að framkvæmdin sé ekki þess eðlis að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvörn innan við Kaupfélagsbryggju, Vopnafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð sjóvörn innan við Kaupfélagsbryggju, Vopnafirði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umrætt svæði er iðnaðarsvæði í staðfestu Aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000 en sjóvarnir eru ekki sýndar í aðalskipulaginu og grjótnáman er utan aðalskipulags. Framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Sveitarstjórn þarf að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga vegna veitingar framkvæmdaleyfis á óskipulögðu svæði.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. september 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Vopnafjarðarhreppur og Náttúruvernd ríkisins